

Fundargerð lokafundar ferðamálaráðs 2010-2013 (19. fundur).

Föstudagur, 10. janúar 2014 kl. 11:30

Fundurinn var haldinn á Humarhúsinu, Reykjavík.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir. Forföll boðuðu Anna Sverrisdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásbjörn Jónsson. Einnig viðstaddar Helga Haraldsdóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Bréf til ráðherra við lok skipunartíma ferðamálaráðs 2010-2013.

Ferðamálaráð samþykkti að senda ráðherra þakkir og hvatningu á þessum tímamótum:

Fjögurra ára skipunartíma ferðamálaráðs er nú lokið og vill ráðið því þakka ráðherrum ferðamála og Helgu Haraldsdóttur, sem lengst af gegndi starfi skrifstofustjóra ferðamála, fyrir afar gott samstarf. Ráðið hefur fundað 19 sinnum á tímabilinu auk annarra óformlegra vinnu- og kynningarfundu og hefur fjallað um vítt svið málefna er viðkoma íslenskri ferðaþjónustu. Ferðamálaráð hefur ályktað um fjölmörg mikilvæg viðfangsefni ferðaþjónustunnar og lagt sig fram um að vera ráðherra til gagns varðandi álit á því sem hæst ber hverju sinni.

Íslensk ferðaþjónusta stendur nú á afar mikilvægum tímamótum. Greinin blómstrar vegna mikillar fjölgunar erlendra ferðamanna og aukins áhuga á Íslandi utan háannar. Árstíðarsveiflan, sem verið hefur ein helsta áskorunin við uppbyggingu atvinnugreinarinnar um allt land og komið í veg fyrir heilbrigða arðsemi fyrirtækjanna, er nú jafnari en áður hefur sést. Gjaldeyrstekjur af greininni vaxa hratt, störfum fjölga og þau verða fjölbreyttari - fyrirtækjum í ferðaþjónustu, verslun og þjónustu vex fiskur um hrygg. Fáar atvinnugreinar skila jafn háu vinnsluvirði til þjóðarbúsins og ferðaþjónustan því hagnaður hennar fer að mestu í að auka þjónustu, ráða fleira fólk til vinnu og fjárfesta í innviðum sem skilar þjóðarúinu auknum tekjum.

Ferðaþjónustan er þannig orðin ein af þremur grunnatvinnugreinum landsins. Þrátt fyrir þessa staðreynd er langur vegur frá því að stoðkerfi hennar, stefnumótun eða fjármögnun kjarnaverkefna sé í nokkru samræmi við aðrar grunngreinar í landinu s.s. sjávarútveg og landbúnað. Ferðamálaráð hvetur ráðherra til að beita sér af alefli fyrir því að hér verði breyting gerð á og ítrekar ýmis þau tilmæli og ábendingar, sem þegar hafa verið send ráðherra á umliðnum árum varðandi mikilvægustu verkefni framundan.

Þrennt ber þar hæst:

1. Auðlindirnar sem íslensk ferðaþjónusta byggir á eru íslensk náttúra og menning. Samhliða vexti og jákvæðri þróun síðustu ár eru nú hins vegar komin afgerandi teikn um að viðkvæm náttúra landsins þoli á köflum ekki áframhaldandi óheftan aðgang

ferðamanna. Aldrei hefur því verið mikilvægara að mótuð sé heildstæð stefna um verndun, nýtingu, fjármögnun og gjaldtöku sem tekur mið af þessu. Ferðamálaráð ítrekar því ábendingar sínar og tilmæli sem send voru ráðherra þann 13. september sl.. Ráðið hvetur þannig eindregið til þess að haldið verði áfram af krafti að vinna við undirbúning að innleiðingu Umhverfiskorts eða Náttúrupassa og að ráðist verði í nauðsynlegar breytingar til þess að sveitarfélög sem bera kostnað af rekstri og uppbyggingu vegna ferðapjónustu fái aukna hlutdeild í tekjuauka hennar. Mikilvægt er að innheimtan sé skilvirk og einföld í framkvæmd og skili sér að fullu til uppbyggingar íslenskrar ferðapjónustu. Núverandi fyrirkomulag á dreifingu tekna af ferðapjónustu stendur því beinlínis í vegi fyrir markvissri og hraðri uppbyggingu um land allt.

2. Rannsóknir í ferðapjónustu eru því miður í skötulíki ef horft er til umfangs, mikilvægis og áhrifasviðs atvinnugreinarinnar. Í Ferðamálaáætlun 2011-2020 er lögð rík áhersla á að efla rannsóknir og koma á rannsóknarstefnu og skýrari yfirsýn er nú er. Mikilvæg skref hafa verið stigin í rétta átt s.s. með auknum stuðningi við Rannsóknarmiðstöð ferðamála og úttekt Ferðamálastofu frá 2013 á rannsóknarpörf tengdri ferðapjónustu, en ráðherra er hvattur til að leiða gagngerar umbætur á þessu mikilvæga sviði í samstarfi við háskólasamfélagið og aðra hagsmunaaðila.
3. Í úttekt erlendra sérfræðinga sem birtust á nýliðnu ári í skýrslum *PKF* fyrir Íslandsstofu og Græna hagkerfið og frá *Boston Consulting Group* sem nokkur ferðapjónustufyrirtæki áttu frumkvæði að, koma glögglega í ljós þeir annmarkar sem eru á núverandi stjórnkerfi ferðapjónustunnar. Fyrirkomulagið er af báðum aðilum talið flókið, ógegnsætt og óskilvirkt. Samkvæmt þessum úttektum skarast verkefni og ábyrgðarsvið of margra stofnana og annarra opinberra aðila, skipulag meðal hagsmunaaðila og grasrótarinnar er einnig víða óþarflega flókið. Hættan er sú að við slíkar aðstæður skorti heildaryfirsýn, ákvarðanir reynist tímafrekar og fjármunir nýtist ekki sem skyldi. Ferðamálaráð telur því afar brýnt að lög um ferðamál verði endurskoðuð hið fyrsta; skipan nýs ráðgefandi vettvangs fyrir ráðherra endurspegli betur helstu viðfangsefni atvinnugreinarinnar, stjórnsýslan verði einfölduð og gerð skilvirkari svo betur megi móta þann skýra ramma og langtímastefnu sem nauðsynlegt er að gildi um aðkomu hins opinbera að grunngerð, fjárfestingum, markaðssetningu o.fl. lykilþáttum fyrir vöxt og viðhald íslenskrar ferðapjónustu.

Ferðamálaráð óskar ráðherra ferðamála velfarnaðar og að hún fái góðan byr í seglin við að sigla þessum mikilvægu málum í höfn.

3. Fulltrúar í ferðamálaráði þökkuðu formanni fyrir góð störf. Formaður þakkaði ráðsmönnum og ráðuneyti fyrir gott samstarf og óskaði nýju ferðamálaráði velfarnaðar í störfum sínum. Ráðuneytið þakkað ferðamálaráði fyrir mikinn stuðning og gott starf á umbrotatímum í ferðapjónustu.

Fundi var slitið kl. 13.00

